



DALAPÓSTURINN

12. tölublað, 9. árgangur

21. október 2016

Alþingiskosningar 29. október 2016

Kjörskrá

Kjörskrá Dalabyggðar vegna kosninga til Alþingis laugardaginn 29. október 2016 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins alla virka daga kl. 10-14.

Einnig geta kjósendur séð hvar þeir eru á kjörskrá á vefnum www.kosning.is.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skulu senda þær sveitarstjórn Dalabyggðar.

Kjörfundur

Kjörfundur í Dalabyggð vegna Alþingiskosninga fer fram á Héraðsbókasafni Dalasýslu, Miðbraut 11 í Búðardal laugardaginn 29. október 2016.

Kjörfundur hefst klukkan 10:00. Kjörfundi verður slitið kl. 20:00.

Kjósendur eru minntir á að hafa með sér skilríki.

Kjörstjórn Dalabyggðar

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Félagsleg heimaþjónusta

Dalabyggð rekur félagslega heimaþjónustu skv. 15. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra og 24. og 25. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum.

Um þjónustuna gilda *Reglur um félagslega heimaþjónustu í Dalabyggð* sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins. Félagsmálanefnd fer með stjórn þjónustunnar.

Sækja skal um félagslega heimaþjónustu með því að fylla út til þess gert eyðublað og skila því á skrifstofu Dalabyggðar. Eyðublöðin eru á vef Dalabyggðar og fást einnig á skrifstofunni.

Ragnheiður Pálsdóttir hefur verið ráðin í starf verkstjóra heimaþjónustu og mun hún meta þjónustuþörf í samráði við félagsmálanefnd og aðra í samræmi við reglurnar.

Byggðasafn - Héraðsskjalasafn

Á áætlun er að hafa fimm sögustundir á Byggðasafni Dalamanna fram til áramóta, auk norræna skjaladagsins. Matthías Lýðsson bóndi í Húsavík á Ströndum sér um fyrstu sögustund vetrarins, laugardaginn 5. nóvember kl. 15.

Aðgangseyrir er sem fyrr 500 kr fyrir 18 ára og eldri og frítt fyrir börn. Kaffi á könnunni og spjall. Sælingsdalslaug er síðan opin kl. 14-18 fyrir þá sem vilja nýta ferðina.

Laugardaginn 12. nóvember verður haldið upp á Norræna skjaladaginn á safninu með sýningu og spjalli. Þema skjaladagsins í ár eru matvæli, *Til hnífs og skeiðar*. Enginn aðgangseyrir er á norræna skjaladaginn.

Tillögur að viðfangsefnum eru alltaf vel þegnar. Ekki síður ef einhver er tilbúin að stíga á stökk og segja frá einhverju athyglisverðu er um að gera að koma því á framfæri við safnvörð.